

# Lög

## um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

### 1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna:
- Í stað orðanna „skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum“ kemur: skv. 14. og 30. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um félagslega aðstoð.
  - Í stað orðanna „skv. 14. gr. sömu laga“ kemur: skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

### 2. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 9. mgr. 17. gr. laganna:
- Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði“ í 1. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.
  - Í stað orðanna „skv. 23. gr. laga nr. 113/1996“ í 2. málsl. kemur: samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
  - Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996“ í 4. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.

### 3. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 30. gr. laganna:
- Í stað orðsins „ríkisráðgjafa“ í 1. tölul. A-liðar kemur: fjármálaráðgjafa.
  - Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 1. tölul. B-liðar kemur: laga nr. 154/1998.

### 4. gr.

Í stað orðanna „skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði“ í 3. mgr. 5. tölul. 31. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

### 5. gr.

Í stað orðanna „1. málsl. 1. mgr. 31. gr.“ í inngangsmálslið 38. gr. laganna kemur: 1. mgr. 1. tölul. 31. gr.

### 6. gr.

Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 57. gr. B laganna kemur: laga nr. 154/1998.

### 7. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóði ríkisins“ í 2. og 5. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóði.

## 8. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna“ í 1. tölul. 5. mgr. 72. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóður.

## 9. gr.

Orðin „Byggingarsjóði ríkisins og“ í 78. gr. laganna falla brott.

## 10. gr.

Í stað orðsins „skylda“ í 1. másl. 1. mgr. 94. gr. laganna kemur: skylt.

## 11. gr.

6. mgr. 96. gr. laganna fellur brott.

## 12. gr.

100. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðum skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. 96. gr. og kæruúrskurðum skv. 99. gr. má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

## 13. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980“ í 1. mgr. 113. gr. laganna kemur: skv. IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

## 14. gr.

Í stað orðanna „verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr.“ í 4. mgr. 121. gr. laganna kemur: álags, sem greiða ber skv. 1. mgr.

## 15. gr.

124. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög um samvinnufélög, og stofnfjárbréf í sparisjóðum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

## 16. gr.

Í stað orðanna „sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga“ í ákvæði til bráðabirgða XLVI í lögnum kemur: sem myndaður var skv. 37. gr. laga nr. 75/1981 fyrir breytingu með lögum nr. 133/2001.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. mars 2003.*